

Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2008

Quarterly national accounts, 3rd quarter 2008

Samantekt

Landsframleiðsla er talin hafa dregist saman um 0,8% að raungildi á 3. fjórðungi ársins 2008 frá sama fjórðungi árið áður. Á sama tíma má ætla að þjóðarútgjöld hafi dregist saman um tæplega 10% þar sem einkaneysla dróst saman um tæplega 7% og fjárfesting um tæplega 28%. Samneysla óx hins vegar um 3%. Þá er talið að útflutningur hafi vaxið um tæplega 18% en innflutningur hafi dregist saman um tæplega 10%. Þessi þróun veldur því að verulega dró úr halla á vöru- og þjónustuviðskiptum samanborið við 3. ársfjórðung 2007 og því dregst landsframleiðsla mun minna saman en sem nemur samdrætti þjóðarútgjalda.

Aukning útflutnings og jákvæð áhrif þeirrar aukningar á landsframleiðslu ársins 2008 á að stórum hluta rót sína að rekja til þess að álframleiðsla Fjarðaáls kemur nú inn. Stækkun Norðuráls hefur einnig sitt að segja.

Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla sýnir 3,4% samdrátt frá 2. ársfjórðungi 2008 til 3. ársfjórðungs 2008. Þar af dróst útflutningur saman um 5,3% frá samliggjandi ársfjórðungi, en 0,1% til 0,5% samdráttur mælist í öðrum helstu undirliðum landsframleiðslunnar.

Minni einkaneysla

Einkaneysla er talin hafa dregist saman um 6,7% á 3. ársfjórðungi 2008 frá sama tíma árið áður. Samdráttur varð einnig á 2. ársfjórðungi en þá dróst einkaneysla saman um 3,9% frá sama tíma árið áður. Þetta er verulegur viðsnúningur frá því sem verið hafði á síðustu þremur ársfjórðungum þar áður, þegar einkaneysla óx á bilinu 6 til 8%. Samdráttur í einkaneyslu á þriðja fjórðungi má að stórum hluta rekja til minni bílakaupa, en þau drógust saman um rúmlega 60%, minni útgjalda Íslendinga erlendis og minni kaupa á húsgögnum og raftækjum en báðir þessir liðir drógust saman um rúmlega 20%.

Fjárfesting dróst verulega saman

Fjárfesting hélt áfram að dragast saman og er hún talin hafa minnkað um 27,9% á 3. ársfjórðungi 2008 frá sama tíma árið áður. Fjárfesting atvinnuveganna dróst saman um 33,7% og fjárfesting í íbúðarhúsnæði um 35,8%. Fjárfesting hins opinbera er aftur á móti talin hafa aukist um 2,9%. Samdrátturinn í fjárfestingu atvinnuveganna kemur einkum fram í minni fjárfestingu í stóriðju, en fjárfesting þar náði hámarki árið 2006, svo og í raforkuverum. Aukningin í fjárfestingu hins opinbera skýrist einkum af meiri vegaframkvæmdum.


Samdráttur þjóðarútgjalda

Samneysla er talin hafa aukist um 3,0% á 3. ársfjórðungi miðað við sama tíma árið áður. Þetta er nokkru lægri vöxtur en verið hefur á undanförunum ársfjórðungum. Samdráttur í einkaneyslu og fjárfestingu valda því að þjóðarútgjöld eru talin hafa dregist saman um 9,7% á 3. ársfjórðungi miðað við sama tíma árið áður.



Mynd 1. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 1. GDP, volume changes on same quarter in the previous year




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2006–2008. Preliminary figures 2006–2008.

Dregur úr halla á vöru- og þjónustuviðskiptum

Vöruútflutningur jókst um 30,4% á fjórðungnum en útflutningur á þjónustu stóð nánast í stað. Í heildina jókst útflutningur um 17,6%. Aukning í vöruútflutningi skýrist m.a. af mikilli aukningu á útflutningi afurða stóriðju en einnig auknum útflutningi sjávarafurða. Innflutningur á vöru dróst saman um 8,5% og innflutningur á þjónustu um 11,6% á 3. fjórðungi ársins. Í heild dróst innflutningur saman um 9,7% á fjórðungnum.

Mynd 2. Landsframleiðsla, keðjutengt verðmæti, viðmiðunarár 2000

Figure 2. GDP, chain-volume measures, reference year 2000



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2006–2008. Preliminary figures 2006–2008.

Hagvöxtur þrátt fyrir samdrátt þjóðarútgjalda

Aukinn útflutningur og samdráttur í innflutningi veldur því að verulega dró úr halla á vöru- og þjónustuviðskiptum á 3. ársfjórðungi miðað við sama tíma árið áður. Hallinn nam rúmum 22 milljörðum króna á 3. ársfjórðungi 2008 samanborið við rúmlega 38 milljarða árið áður. Þessi bati veldur því að landsframleiðsla á 3. ársfjórðungi er einungis talin dragast saman um 0,8% þrátt fyrir 9,7% samdrátt þjóðarútgjalda.

Aukning útflutnings og þar með jákvæð áhrif hans á landsframleiðslu ársins 2008 á að stórum hluta rót sína að rekja til þess að álframleiðsla Fjarðaáls kemur nú inn. Stækkun Norðuráls hefur einnig sitt að segja.

Líkt og verið hefur ná þessir ársfjórðungsreikningar aðeins til landsframleiðslunnar og undirlíða hennar. Ekki er lagt mat á breytingu þáttatekna (launa- og eignatekna) til og frá útlöndum og þjóðartekjur eru því ekki reiknaðar. Það er aftur á móti gert við gerð árstalna.


Birgðabreytingar Á 3. ársfjórðungi óx útflutningur sjávarafurða um rösk 5% að magni en aflinn óx enn meira eða um 8,5% og er því reiknað með talsverðri aukningu sjávarafurðabirgða. Sama er að segja um innflutning á rekstrarvörum til álframleiðslu. Innflutningur af því tagi óx langt umfram aukningu á framleiddu áli og er því reiknað með mikilli birgðaaukningu rekstrarvara.

Hagvöxtur fyrstu níu mánuði ársins Landsframleiðslan fyrstu níu mánuði ársins 2008 nemur 1.069 milljörðum króna borið saman við 961 milljarða króna á sama tímabili árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga jókst landsframleiðslan að raungildi fyrstu níu mánuði ársins um 2,3%.

Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla Árstíðaleiðréttar tölur um landsframleiðslu sýna 3,4 % samdrátt á föstu verðlagi frá 2. fjórðungi 2008 til 3. fjórðungs þessa árs, eftir 4,7% vöxt í ársfjórðungnum þar á undan. Miðast þær tölur nú sem fyrr við breytingar á milli samliggjandi ársfjórðunga, en ekki frá sama fjórðung fyrra árs. Árstíðaleiðréttar tölur benda til 5,3% samdráttar í útflutningi frá 2. ársfjórðungi 2008, eftir 17,5% vöxt á fjórðungnum þar á undan. Að teknu tilliti til árstíðabundinna þátta dróst einkaneyslan saman um 0,4% í kjölfar 6,8% samdráttar í 2. ársfjórðungi. Samdráttur í öðrum helstu undirlíðum landsframleiðslunnar mælast á milli 0,1% til 0,5% á 3. ársfjórðungi 2008.

Mynd 3. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 3. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2006–2008. Raunbreytingar frá fyrra ársfjórðungi. Preliminary figures 2006–2008. Change from the previous quarter.

Keðjutenging Árleg keðjutenging var tekin upp í þjóðhagsreikningum á Íslandi árið 2005 en í því felst að raunbreytingar þjóðhagsstærða eru reiknaðar á föstu verði næstliðins árs. Fyrir þann tíma var miðað við fast verð tiltekins árs (grunnárs) við útreikning á

magnbreytingum. Kosturinn við keðjutengingu er sá að hún gefur nákvæmari mynd af breytingu á milli ára þar sem magnbreytingin er nú reiknuð sem breytingin á föstu verði fyrra árs í stað grunnárs. Ókostur þeirrar aðferðar sem áður var notuð er sá að notkun grunnárs veldur ónákvæmni því lengra sem líður á milli grunnársins og þess árs sem verið er að reikna. Keðjutenging hefur aftur á móti þann ókost að samtölur stemma ekki við undirliði.

Ítarleg sundurliðun er birt á vefnum

Ítarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu er að finna á vef Hagstofunnar. Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á netinu er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti þar sem árið 2000 er viðmiðunarár.

Tölur um 4. ársfjórðung 2008 verða birtar í mars 2009

Tölur um landsframleiðsluna á 4. ársfjórðungi 2008 verða birtar með sambærilegum hætti í Hagtíðindum 6. mars 2009 ásamt fyrstu áætlunum fyrir allt árið 2008. Aðferðir við árstíðarleiddréttingar hafa verið endurbættar og verða nýjar árstíðaleiddréttar tölur birtar þá fyrir alla undirliði landsframleiðslunnar.

English summary

In real terms, GDP in the 3rd quarter of 2008 decreased by 0.8% from the same quarter of the previous year. Over the same period total domestic expenditure decreased by almost 10% in real terms, where household final consumption decreased by 7% and gross fixed capital formation by 28% while government final consumption increased by 3%. Exports rose by 18% while imports decreased by 10% in the 3rd quarter of 2008 as compared with the same quarter of 2007. The considerably lower decline in GDP than in total domestic expenditure is explained by the improved balance of trade of goods and services.

Household final consumption decreased by 6.7% in the 3rd quarter. This was mainly due to a 60% decrease in purchase of vehicles and 20% decrease in expenditure abroad by resident households and purchase of household goods. Gross fixed capital formation (GFCF) decreased by 27.9% during the period, led by a 35.8% reduction in residential construction. Business sector investment fell by 33.7% but government services investment rose by 2.9%.

Seasonally adjusted series show a 3.4% downturn in GDP in the 3rd quarter of 2008 after a 4.7% growth in the 2nd quarter. Seasonally adjusted figures show a 5.3% decline in exports and a decline between 0.1% and 0.5% in other main components of GDP.

The rise of export and the positive effects on the growth of GDP in 2008 can largely be explained by the start up of the Fjarðaál aluminium plant and increased production at the Norðurál aluminium.

National accounts for the 4th quarter of 2008 will be published on the 6th of March 2009 together with the preliminary figures for the year 2008.

Tafla 1. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2004–2008*Table 1. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2004–2008*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Verðlag hvers árs, millj. króna <i>Million ISK at current prices</i>								
2004	530.672	232.962	218.477	-918	981.194	316.903	-369.208	928.889
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	123.458	56.972	47.449	3.412	231.291	73.098	-79.477	224.912
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	132.866	58.327	54.455	-1.108	244.540	75.170	-94.661	225.049
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	132.135	59.315	56.719	-3.595	244.574	90.028	-96.896	237.706
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	142.213	58.347	59.854	374	260.788	78.607	-98.174	241.221
2005	610.638	252.617	291.265	-862	1.153.658	324.450	-451.710	1.026.397
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	139.625	60.953	59.707	4.068	264.352	72.842	-95.542	241.652
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	156.205	63.073	68.396	-4.904	282.769	88.264	-116.144	254.890
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	152.902	64.403	82.345	2.093	301.742	87.938	-122.460	267.221
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	161.906	64.188	80.818	-2.119	304.793	75.406	-117.565	262.635
2006¹	685.623	285.371	393.341	13.498	1.377.833	374.152	-584.098	1.167.887
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	161.215	68.829	86.045	3.686	319.776	77.727	-123.758	273.744
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	176.991	71.325	95.080	792	344.188	102.501	-156.986	289.703
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	170.103	72.102	100.534	6.765	349.504	103.492	-151.540	301.455
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	177.314	73.114	111.681	2.255	364.365	90.433	-151.814	302.984
2007¹	749.031	316.823	356.887	6.626	1.429.367	451.743	-587.943	1.293.167
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	170.475	77.397	78.578	1.546	327.996	109.734	-132.883	304.847
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	190.321	79.307	93.492	1.100	364.220	106.590	-148.545	322.265
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	188.221	79.430	100.843	4.089	372.583	106.521	-145.069	334.034
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	200.015	80.689	83.974	-109	364.568	128.898	-161.446	332.020
2008¹
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	193.856	83.814	80.378	2.234	360.282	113.743	-150.825	323.200
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	208.092	89.573	84.629	165	382.459	174.752	-186.594	370.618
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	204.441	91.117	91.595	10.672	397.827	176.317	-198.880	375.264

Skýring *Note:* Frá 1. ársfjórðungi 2004 hefur Hagstofan tekið inn birgðabreytingar í olíu en fyrir þann tíma lágu þær ekki fyrir. *Since first quarter of 2004 Statistics Iceland has compiled figures for changes in inventory of oil but prior to that no figures were available.*

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 2. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2004–2008

Table 2. Annual GDP volume growth 2004–2008

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar ¹ <i>Changes in Inventory¹</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raubreytingar frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>								
2004	7,0	2,2	28,1	0,1	9,9	8,4	14,5	7,7
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,7	2,3	23,4	0,6	9,0	4,9	17,0	4,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	6,9	2,8	29,6	-0,3	9,9	6,1	13,9	7,2
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	5,6	2,9	23,3	-1,8	6,8	10,3	7,6	7,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	8,6	0,9	35,9	1,8	14,0	12,3	20,6	11,2
2005²	12,9	3,5	35,7	0,0	15,8	7,2	29,4	7,4
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	9,8	2,8	24,7	0,4	11,3	2,1	24,2	3,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	15,6	3,7	26,2	-1,8	13,5	21,7	27,5	10,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	14,2	3,3	49,0	2,4	22,3	3,4	34,5	10,2
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	12,0	4,4	40,6	-1,0	15,8	2,6	30,6	5,5
2006²	4,4	4,0	20,4	1,1	9,3	-5,0	10,2	4,4
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	11,6	4,2	39,8	-0,2	15,9	-0,1	26,1	6,8
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	5,2	2,8	24,4	2,2	11,6	-6,8	12,3	4,8
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	1,4	4,2	6,2	1,0	4,1	-6,4	0,1	2,5
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	0,2	4,7	17,3	1,4	6,9	-6,2	5,8	3,8
2007²	4,3	4,2	-13,7	-0,6	-1,4	18,1	-1,4	4,9
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	-1,7	4,2	-19,5	-0,9	-6,3	16,2	-9,2	2,1
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	3,5	4,6	-4,1	0,1	1,5	6,8	-1,1	4,6
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	7,2	3,6	-1,5	-0,7	3,6	6,3	0,5	6,3
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	8,2	4,4	-28,0	-1,0	-4,3	46,2	3,7	6,3
2008²
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	6,2	3,7	-4,2	0,1	3,3	-0,4	0,3	3,2
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	-3,9	4,6	-25,5	-0,5	-8,1	24,8	-12,0	4,8
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	-6,7	3,0	-27,9	0,9	-9,7	17,6	-9,7	-0,8

Skýring Note: Sjá töflu 1. Cf. table 1.

¹ Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu sama fjórðungs fyrra árs, keðjutengdu verðmæti, viðmiðunarár 2000. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP in the same quarter of the previous year, chain-volume measures, reference year 2000.*

² Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2004–2008, árstíðaleiðréttTable 3. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2004–2008*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raubreyting frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>						
2004	7,0	2,2	9,9	8,4	14,5	7,7
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	6,3	2,2	8,7	4,6	16,6	4,7
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	6,4	2,6	10,0	5,4	13,9	7,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	6,2	2,9	6,8	11,4	9,0	7,8
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	8,9	1,3	14,3	12,1	18,8	11,4
2005¹	12,9	3,5	15,8	7,2	29,4	7,5
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	9,9	2,7	11,0	2,3	23,3	3,7
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	15,0	3,6	13,6	21,1	28,8	10,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	14,6	3,3	22,6	4,1	37,0	10,4
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	12,2	4,6	16,1	2,8	28,2	5,6
2006¹	4,4	4,0	9,3	-5,0	10,2	4,4
1. ársfjórðungur ¹ <i>1st quarter¹</i>	11,7	4,1	15,4	-0,2	25,4	6,7
2. ársfjórðungur ¹ <i>2nd quarter¹</i>	4,7	2,8	11,6	-7,8	13,2	4,7
3. ársfjórðungur ¹ <i>3rd quarter¹</i>	1,5	4,3	4,1	-6,3	1,2	2,5
4. ársfjórðungur ¹ <i>4th quarter¹</i>	0,3	4,7	6,9	-5,5	3,4	3,9
2007¹	4,3	4,2	-1,4	18,1	-1,4	4,9
1. ársfjórðungur ¹ <i>1st quarter¹</i>	-1,3	4,1	-6,2	15,2	-7,7	2,1
2. ársfjórðungur ¹ <i>2nd quarter¹</i>	3,4	4,5	1,5	6,4	-0,4	4,6
3. ársfjórðungur ¹ <i>3rd quarter¹</i>	7,2	3,8	3,6	7,3	0,9	6,4
4. ársfjórðungur ¹ <i>4th quarter¹</i>	8,0	4,4	-4,4	43,9	1,7	6,4
2008¹
1. ársfjórðungur ¹ <i>1st quarter¹</i>	6,4	3,6	3,2	-0,0	0,4	3,2
2. ársfjórðungur ¹ <i>2nd quarter¹</i>	-4,0	4,5	-8,1	25,2	-11,2	4,7
3. ársfjórðungur ¹ <i>3rd quarter¹</i>	-6,6	3,1	-9,8	18,7	-9,5	-0,8

Skýring Note: Sjá töflu 1. Cf. table 1.¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2004–2008, árstíðaleiðréttTable 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2004–2008*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi, % <i>Percentage change on the previous quarter</i>						
2004						
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	2,1	1,0	8,5	7,7	5,1	9,8
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	0,4	0,8	0,7	-7,2	4,0	-3,6
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	2,2	0,7	-1,5	13,4	1,8	2,4
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	3,9	-1,1	6,2	-1,1	6,8	2,8
2005¹						
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	3,0	2,3	5,4	-1,8	9,1	2,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	5,1	1,6	3,0	10,0	8,6	2,5
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	1,9	0,4	6,3	-2,6	8,2	2,5
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	1,7	0,2	0,6	-2,3	-0,1	-1,7
2006¹						
1. ársfjórðungur ¹ <i>1st quarter¹</i>	2,6	1,9	4,8	-4,6	6,8	3,3
2. ársfjórðungur ¹ <i>2nd quarter¹</i>	-1,4	0,3	-0,4	1,6	-1,9	0,6
3. ársfjórðungur ¹ <i>3rd quarter¹</i>	-1,3	1,9	-0,8	-1,0	-3,3	0,3
4. ársfjórðungur ¹ <i>4th quarter¹</i>	0,5	0,5	3,3	-1,5	2,1	-0,3
2007¹						
1. ársfjórðungur ¹ <i>1st quarter¹</i>	1,0	1,3	-8,1	16,3	-4,7	1,5
2. ársfjórðungur ¹ <i>2nd quarter¹</i>	3,2	0,7	7,7	-6,2	5,9	3,1
3. ársfjórðungur ¹ <i>3rd quarter¹</i>	2,4	1,2	1,3	-0,1	-2,1	2,0
4. ársfjórðungur ¹ <i>4th quarter¹</i>	1,2	1,1	-4,6	32,1	3,0	-0,4
2008¹						
1. ársfjórðungur ¹ <i>1st quarter¹</i>	-0,6	0,6	-0,8	-19,2	-5,9	-1,6
2. ársfjórðungur ¹ <i>2nd quarter¹</i>	-6,8	1,5	-4,1	17,5	-6,4	4,7
3. ársfjórðungur ¹ <i>3rd quarter¹</i>	-0,4	-0,1	-0,5	-5,3	-0,2	-3,4

Skýring *Note: Sjá töflu 1. Cf. table 1.*¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Hagtiðindi **Þjóðhagsreikningar** Statistical Series **National accounts**

93. árgangur nr. 69

ISSN 0019-1078

2008:13

ISSN 1670-4657 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4665 (pdf)Verð ISK 500 *Price EUR 7*Umsjón *Supervision* Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir • gudrun.gudmundsdottir@hagstofa.isSími *Telephone* +(354) 528 1000Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík *Iceland*Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*